

Ed.

153. Nefndarálit

[72. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Ég er sammála um meginatriði frv., þ. e. að verðhækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins vegna gengislækkunarinnar skuli koma inn í verðlag landbúnaðarvara 1. janúar og að gengishagnað af framleiðslu landbúnaðarins á þessu ári skuli nota til þarfa landbúnaðarins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en ég tel rétt að gera á því breytingu.

Ég tel sjálfsgagt, að Hagstofu Íslands verði falið að reikna út rekstrarvöruhækkunarirnar skv. 1. gr. frv., og flyt breytingartillögu þess efnis.

Þá þykir mér rétt að kveða nánar á um það, hversu verja skuli gengishagnaði á útfluttum landbúnaðarvörum skv. 2. gr., enda er það í fullu samræmi við ákvæði gengislaganna. Áætlanir þær, sem gerðar hafa verið um útflutning landbúnaðarvara á yfirstandandi verðlagsári, benda til þess, að hámark útflutningsuppbóta hrökkvi ekki til þess, að fullt grundvallarverð náist. Og þegar þess er enn fremur gætt, að í greinargerð yfirnefndar segir, að ríkisstjórnin hafi ákveðið, að gengishagnaður af landbúnaðarvörum renni fyrst og fremst til verðuppbótar á ull og gærur, og að nefndin hafi ákveðið verð á þeim vörum með tilliti til þess, þá virðist eðlilegt að taka fram í lögnum, að svo skuli gert.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

Endurskoða skal verð á kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér.

Hagstofa Íslands skal reikna út verðhækkanir á innfluttum rekstrarvörum landbúnaðarins, þar á meðal kjarnfóðri, tilbúnum áburði, efnivörum til viðhalds húsa og girðinga, varahlutum, benzíni, olíum og öðru til véla. Einnig meti hún hækkanir á flutningum og öðrum kostnaði.

2. 2. gr. orðist svo:

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 69 1967, skal nota til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, til viðbótar því fé, sem greitt er skv. 12. gr. laga nr. 101 1966.

Alþingi, 14. des. 1967.

Karl Guðjónsson.